



167. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 4. desember

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir, Róbert Arnar Stefánsson, Ragnhildur Sigurðardóttir, Magnús A. Sigurðsson, Bjarnheiður Jóhannsdóttir og Rebekka Eiríksdóttir.

Fundarritari: Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 10:30

Fundargerð 165. fundar

Afgreiðsla:

Fundargerð lögð fram og samþykkt.

Fundargerð 166. fundar

Afgreiðsla:

Fundargerð lögð fram og samþykkt.

Dalabyggð: ósk um umsögn vegna tillögu um deiliskipulag í landi Óss á Skógarströnd í

Dalabyggð

Afgreiðsla:

Fulltrúi Minjastofnunar í nefndinni benti á athugasemdir frá Minjastofnun varðandi skort á fornleifaskráningum.

Bent er á að skipulagsuppdráttur er rangt merktur inn á yfirlitskort.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps: Þorpið í Flatey, tillaga að verndarsvæði í byggð

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd fagnar verkefninu. Nefndin hvetur sveitarstjórn til þess að láta verndarsvæðið ná yfir alla byggð í Flatey. Nefndin lítur á alla byggð í Flatey sem eina menningarlandslagsheild.

Drög að samningi Náttúrustofu Vesturlands og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins

Drög lögð fram og rædd.

Afgreiðsla:

Nefndin telur að eigi fjármunum Breiðafjarðarnefndar að vera ráðstafað til samningsins verði nefndin að vera aðili að samningnum. Nefndin telur mikilvægt að starfshlutfall skv. samningnum verði hækkað í 100%, en það rúmast ekki innan núverandi fjárheimilda nefndarinnar.

Drög að breytingum á lögum um vernd Breiðafjarðar

Drög lögð fram og yfirfarin.

Afgreiðsla:

Samþykkt að vinna drög að breytingum áfram.

Staða verkefna

- Öryggis- og umgengnisbæklingur, Náttúrustofa Vesturlands
 - Senda texta á nefndarmenn og óska eftir athugasemdu (helst styttingu).
- Fornleifaskráning á Staðarhóli, Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamanna.
 - Verkefni er lokið (grein í Breiðfirðingi).
- Fornminjakort í Flatey, Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamanna.
 - Í vinnslu.
- Mat á búsvæðanýtingu fiskseiða á innanverðum Breiðafirði, Rannsóknasetur HÍ á Vestfjörðum
 - Í vinnslu (skýrslu skal skila í lok febrúar).
- Vistfræðilegt hlutverk strandsjávarbúsvæða á Breiðafirði, Vör sjávarrannsóknasetur
 - Í vinnslu (skýrslu skal skila fyrir 1. mars).

Örnefnaskráningar

Afgreiðsla:

Öllum skráningum sem Breiðafjarðarnefnd hefur keypt af Náttúrustofu Vestfjarða hefur verið skilað til Landmælinga Íslands sem hefur sett þær upplýsingar inn í gagnagrunn sinn. Kallað hefur verið eftir samvinnu við Landmælingar Íslands um gerð yfirlitskorts yfir það hvar örnefnaskráningar vantar.

Endurskoðun verndaráætlunar

Afgreiðsla:

Samþykkt að stefna að því að halda sérstakan fund um verndaráætlun Breiðafjarðar í byrjun næsta árs.

Kynningarfundir fyrir sveitarfélög

Afgreiðsla:

Samþykkt að halda kynningarfundi fyrir sveitarfélög við fjörðinn um verndarsvæði Breiðafjarðar, drög að breytingum á lögum um vernd Breiðafjarðar og framtíð verndar Breiðafjarðarsvæðisins. Áður en þessir fundir verði haldnir mun nefndin undirbúa sig með því að funda í Reykjavík í janúar með sérfræðingum um þessi málefni (Ramsar, UNESCO, þjóðgarða o.s.frv.).

Staða mála varðandi þjóðgarðastofnun

Afgreiðsla:

Staða mála kynnt.



Staða fjármála Breiðafjarðarnefndar og drög að fjárhagsáætlun 2019

Afgreiðsla:

Samþykkt að setja fjármagn í örnefnaskráningu í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands. Samþykkt að setja fjármagn í samstarf við Svæðisgarð Snæfellinga um útgáfu fjöruvísis. Samþykkt að setja fjármagn í að endurprenta bæklinga Breiðafjarðarnefndar um náttúru og sögu svæðisins og fuglalíf á Breiðafirði. Samþykkt að óska eftir því að fjármagn ætlað fræðslufundum fyrir sveitarfélög verði fært yfir á næsta ár.

Fundi slitið kl. 15:30